

AUGLÝSING

um breytingar á deiliskipulagsáætlunum í Reykjavík.

Suðurlandsbraut 18-28 og Ármúli 15-27.

Í samræmi við skipulags- og byggingarlög, samþykkti borgarráð Reykjavíkur þann 21. ágúst 2001, breytingu á deiliskipulagi fyrir lóðirnar Suðurlandsbraut 18-28 og Ármúla 15-27. Uppdrættir hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um. Skipulagsstofnun gerði athugasemd við að ekki væri gerð grein fyrir því í deiliskipulaginu hvernig nýtingarhlutfall samræmdist aðalskipulagi. Stofnunin lagðist þó ekki gegn auglýsingu um gildistöku breytingarinnar.

Breytingin öðlast þegar gildi.

Skúlagötusvæði, Stjórnarráðsreit.

Í samræmi við skipulags- og byggingarlög, samþykkti borgarráð Reykjavíkur þann 4. september 2001, breytingu á deiliskipulagi Skúlagötusvæðis varðandi svæðið sem afmarkast af Skúlagötu, Klapparstíg, Lindargötu og Ingólfsstræti eða svokölluðum Stjórnarráðsreit. Uppdrættir hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um.

Breytingin öðlast þegar gildi.

Grafarholt svæði 1, Kirkjustétt 2-6.

Í samræmi við skipulags- og byggingarlög, samþykkti borgarráð Reykjavíkur þann 30. október 2001 óverulega breytingu á deiliskipulagi Grafarholts svæði 1 varðandi lóðina Kirkjustétt 2-6. Uppdrættir hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um. Þar sem breytingin var hvorki auglýst né grenndarkynnt lagðist Skipulagsstofnun gegn því að auglýsing um gildistöku breytingarinnar yrði birt.

Breytingin öðlast þegar gildi.

Sigtúnsreit, Engjateigur 7.

Í samræmi við skipulags- og byggingarlög, samþykkti borgarráð Reykjavíkur þann 6. nóvember 2001 óverulega breytingu á deiliskipulagi varðandi lóðina Engjateig 7. Uppdrættir hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um. Þar sem breytingin var hvorki auglýst né grenndarkynnt lagðist Skipulagsstofnun gegn því að auglýsing um gildistöku breytingarinnar yrði birt.

Breytingin öðlast þegar gildi.

Reykjavík, 29. janúar 2002.

F.h. skipulagsstjóra Reykjavíkur,

Guðný Aðalsteinsdóttir e.u.